

Innlendur gjaldeyrismarkaður og gjaldeyrisforði

Í upphafi hvers árs gerir Seðlabanki Íslands grein fyrir þróun á gjaldeyrismarkaði og breytingum á gjaldeyrisforða á nýliðnu ári. Meiri stöðugleiki einkenndi gjaldeyrismarkaðinn á síðasta ári heldur en árin þar á undan. Gengi krónunnar hækkaði um tæplega 2% yfir árið miðað við 11% hækkun 2013, velta jókst umtalsvert og verulegt gjaldeyrisinnstreymi varð til þess að Seðlabankinn keypti meira af gjaldeyri á millibankamarkaði en áður. Hlutdeild bankans í heildarveltu á markaðnum nam um 43% samanborið við um 12% árið áður en heildarvelta jókst um rúmlega 60% milli ára. Gjaldyrisforði Seðlabankans jókst um 42,5 milljarða króna á árinu og var 530 milljarðar króna í árslok 2014. Í lok árs 2014 var gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendri mynt jákvæður um 53 milljarða króna.

Gjaldyrismarkaður árið 2014

Gengi krónunnar hélst tiltölulega stöðugt á árinu 2014. Lægst varð gengið í janúar en hæst í desember. Mismunur á hæsta og lægsta gengi var 4,4% en til samanburðar var um 12% munur á hæsta og lægsta gengi á árinu 2013. Seðlabankinn fylgdi áfram þeirri stefnu¹ sem peningastefnunefnd kynnti í maí 2013 um virkari inngríp bankans á gjaldeyrismarkaði. Markmið inngrípanna er að minnka skammtímaflökt á gengi krónunnar og að auka við óskuldsettan gjaldeyrisforða eftir því sem aðstæður leyfa. Mjög dró úr sveiflum á gengi krónunnar eftir birtingu yfirlýsingarinnar. Flökt gengisvísitölunnar, mælt sem staðalfrávik daglegra breytinga, nam 0,21% árið 2014 samanborið við 0,39% árið 2013.

Gjaldyrisviðskipti Seðlabankans drógu úr gengissveiflum og hækkun á gengi krónunnar á árinu. Hrein gjaldeyriskaup Seðlabankans námu 721 milljónum evra sem er jafnvirði rúmlega 111 milljarða króna.² Eigi að síður hækkaði gengi krónunnar yfir árið allt um tæplega 2% miðað við vísitölu meðalgengis erlendra gjaldmiðla. Hækkunin kom öll fram á fyrri helmingi ársins en þunginn í gjaldeyriskaupunum var á síðari helmingi ársins. Seðlabankinn hefur ekki áður keypt jafn mikinn

¹ Yfirlýsing peningastefnunefndar 15. maí 2013.

² Miðað við gengi í hverjum viðskiptum.

gjaldeyri á millibankamarkaðnum á einu ári, en fjárhæðin nemur rúmlega 5,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársins.

Velta á gjaldeyrismarkaðnum jókst um rúmlega 60% milli áranna 2013 og 2014, úr tæplega 166 milljörðum króna í 266 milljarða króna. Hlutdeild Seðlabankans í heildarveltunni nam um 43% árið 2014 en 12% árið 2013.

Auk inngripa á gjaldeyrismarkaðnum hóf Seðlabankinn á ný reglubundin gjaldeyriskaup af viðskiptavökum³ á millibankamarkaðnum. Tilkynning þess efnis var birt hinn 11. júní en þá höfðu slík viðskipti ekki átt sér stað síðan í árslok 2012. Ákveðið var að bankinn keypti einu sinni í viku, 3 milljónir evra af viðskiptavökum, á fyrirfram skilgreindum tíma. Vegna aðstæðna á markaðnum vikurnar á eftir tilkynnti bankinn hinn 11. júlí að fjárhæð reglubundinna kaupa yrðu tvöfölduð. Bankinn keypti þá 3 milljónir evra tvisvar í viku, samtals 6 milljónir evra. Alls námu reglubundin gjaldeyriskaup Seðlabankans á árinu 159 milljónum evra eða jafnvirði 24,5 milljörðum króna. Reglubundnu kaupin minnkuðu þörfina á inngrípum bankans á markaðnum en þau námu rúmlega 20% af heildarkaupum bankans á árinu.

Gjaldeyrisforði árið 2014

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 42,5 milljarða króna (360 milljónir evra) á árinu 2014 og var 530 milljarðar króna (3,437 milljónir evra) í árslok.

Helstu hreyfingar til hækkunar gjaldeyrisforða á árinu voru hrein gjaldeyrisviðskipti á innlendum millibankamarkaði sem námu 111 milljörðum króna (721 milljónir evra) og skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs í evrum að andvirði 116 milljarða króna (750 milljónir evra) en samanlagt hækkaði gjaldeyrisforðinn við þetta um 227 milljarða króna (1,471 milljónir evra).

Helstu hreyfingar til lækkunar forða á árinu voru vegna endurgreiðslna af lánnum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS árið 2008 sem var flýtt. Hröðun endurgreiðslna ríkissjóðs og Seðlabankans af lánnum frá Norðurlöndunum nam 113 milljörðum króna (735 milljónum evra) og endurgreiðsla Seðlabankans fyrirfram af lánnum frá AGS nam 50,5 milljörðum króna (328 milljónum evra). Samanlagt námu greiðslur af þessum lánnum 164 milljörðum króna (1,063 milljónum evra) á árinu.

Í lok árs 2014 var gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli jákvæður um 53 milljarða króna (344 milljónir evra). Í lok árs 2013 var gjaldeyrisforði að frádregnum þessum skuldum neikvæður um 28 milljarða króna (177 milljónir evra). Því hefur orðið jákvæð breyting á árinu um 81 milljarða króna (525 milljónir evra) sem rekja má til gjaldeyriskaupa Seðlabankans á innlendum gjaldeyrismarkaði. Þannig hefur talsverður árangur náðst í að byggja upp þann hluta gjaldeyrisforðans sem ekki


³ Viðskiptavakar á millibankamarkaði með gjaldeyri eru þrír; Arion banki hf., Íslandsbanki hf., og Landsbankinn hf.

er fjármagnaður með lánum í erlendum gjaldmiðli sem stundum er kallaður „óskuldsettur“ gjaldeyrisforði. Þá var gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka og ríkissjóðs í lok árs 2014, þ.e. mismunur milli allra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli, um 182 milljarðar króna (1.178 milljónir evra), þ.e. um 85 milljörðum króna (551 milljónir evra) meiri en í lok árs 2013.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans mældist í lok árs 28% af vergri landsframleiðslu, 30% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi á vörum og þjónustu í 7 mánuði.⁴

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---------|---------|-----------|---------|---------|---------|
| <i>Gjaldeyrismarkaður á árinu:</i> | | | | | | |
| Gengi krónunnar (-veiking /+styrking), % | -7,0 | 11,9 | -4,3 | -6,6 | 10,8 | 1,7 |
| Gengisflökt, % | 0,8 | 0,3 | 0,2 | 0,3 | 0,4 | 0,2 |
| Velta á gjaldeyrismarkaði, m.kr. | 62.427 | 45.212 | 89.864 | 167.115 | 165.873 | 266.423 |
| - þar af velta SÍ, % | 23,9 | 66,3 | 14,0 | 13,8 | 11,6 | 42,9 |
| Kaup Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði m.kr. | 0 | 29.980 | 12.612 | 20.109 | 10.088 | 112.764 |
| Sala Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði, m.kr. | 14.937 | 0 | 0 | 3.012 | 9.068 | 1.396 |
| Hrein gjaldeyriskaup SÍ, m.kr. | -14.937 | 29.980 | 12.612 | 17.097 | 1.020 | 111.368 |
| Framvirk viðskipti Seðlabankans, m.kr. | 0 | 47.900 | 0 | 0 | -6.000 | 0 |
| <i>Staða gjaldeyrisforða í lok árs:</i> | | | | | | |
| Gjaldeyrisforði í Bandarlkjadöllum, m. Bandarlkjad. | 3.883 | 5.798 | 8.535 | 4.182 | 4.228 | 4.178 |
| Gjaldeyrisforði í krónum, m.kr. | 484.900 | 667.000 | 1.047.300 | 539.800 | 487.439 | 530.200 |
| Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF, % | 32,4 | 43,4 | 64,3 | 33,0 | 29,0 | 28,3 |
| Gjaldeyrisforði sem mánuðir af innflutningi | 14 | 17 | 26 | 13 | 11 | 7 |

Greiðsluáætlun erlendra skulda ríkissjóðs og SÍ (staða 31. desember 2014)



⁴ Athuga skal að frá og með 2014 er horft til bæði innflutnings á vöru og þjónustu en fyrri ár var aðeins horft til vöruinnflutnings og skýrir það lægri tölu 2014 miðað við 2013, þótt gjaldeyrisforðinn hafi verið hærri.